



43. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

19. janúar 2016

Fundaritari: Helga Margrét

Fundur settur: 12:30

Mættir: Birgir Marteinson, Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir, Helga Margrét Jóhannesdóttir, Andri Dan Traustason, Friðrik Már Ævarsson, Hrefna Hlín Sigurðardóttir, Freysteinn Nonni Mánason, Axel Trausti Gunnarsson.

Fjarverandi:

Gestir: Rannveig Björnsdóttir, Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs.

Dagskrá 44. fundar stúdentaráðs

1. Nýsköpunarhelgin 11.-13. mars.
2. Stóra Vísó.
3. Framlag FSHA til aðildafélaga. Aukastyrkur.
4. Aðalfundir aðildafélaga og FSHA, dagsetningar o.fl.
5. Önnur mál.



1. Nýsköpunarhelgin 11. – 13. mars.

Fundur gestarins, Rannveig Björnsdóttir, fór yfir fyrirkomulag nýsköpunarhelgarinnar sem fram fer í Hátíðarsal skólans dagana 11.-13. mars n.k. Fyrirkomulagið verður með svipuðu sniði og síðustu ár. Rannveig leggur sérstaka áherslu á að virkja nemendur til þátttöku og vonast eftir liðsinni stúdentaráðs í þeim efnum. Andri Dan leggur til að aðildafélög efni til einhverskonar keppni sín á milli og lagðist sú tillaga vel í fundargesti. Til umræðu er að koma á laggirnar 2. etc eininga skildunámskeiði sem tæki mið af nýsköpun til reynslu á viðskipta- og raunvísindasviði. Umræður um kosti þess og galla urðu í kjölfarið.

2. Stóra Vísó.

Birgir fór yfir helstu þætti. Eins og staðan er eru 94 skráðir og er það ánægjulegt. Stafnbúi vill fá að leggja af stað fyrr vegna fyrirhugaðrar dagskrár hjá þeim á fimmutudagseftirmiðdegi. Allir spenntir fyrir komandi ferð.

3. Framlag FSHA til aðildafélaga. Aukastyrkur.

Birgir og Rannveig lögðu til að FSHA kæmi inn með aukastyrk til aðildafélaga nú, að upphæð 50.000. kr. sem þau geta ráðstafað að vild í þágu sinna félagsmanna. Einróma samþykkt.

4. Aðalfundur aðildafélaga.

Lagt til að aðalfundur FSHA verði 19. febrúar. Samþykkt. Þá var lagt til að aðalfundur allra aðildafélaga yrðu á sama tíma þann 12. febrúar kl. 18 og lagt til að sameiginlegur hittingur yrði eftir fundina. Einróma samþykkt. Ekkert er því til fyrirstöðu að undirbúa aðalfundi, auglýsa með góðum fyrirvara, finna staðsetningu og hvetja nemendur til að bjóða sig fram í þau fjölmörgu spennandi embætti sem félögin hafa upp á að bjóða. Ákveðið að allir gjaldkerar hitti Rannveigu til að ganga frá ársreikningum í tíma og Birgir hyggst senda út allar helstu upplýsingar um gögn sem þarf að skila inn og tímasetningar.



5. Önnur mál.

Helga ætlar að kanna strax eftir fund hvort Vífilfell hafi tök á að halda vísindaferð fyrir nemendur skólans föstudaginn n.k. Mun hún láta vita með niðurstöðu um leið og hún veit meira.

Rannveig biður fundargesti að leggja höfuðið í bleyti og óskar eftir hugmyndum að gjöf frá FSHA til skólans og nemenda á aðalfundi félagsins 19. febrúar

Næsti fundur verður jafnfram síðasti fundur stúdentaráðs. Birgir mun boða hann í tíma.

Fleira ekki gert, fundi slitið 13:20

Fundi slitið kl. 16:59



Undirskrift fundargesta

Birgir Marteinsonn

Formaður FSHA

~~Berglind Ósk Guðmundsdóttir~~

Varaformaður FSHA

Rannveig Lára Sigurbjörnsdóttir

Fjármálastjóri FSHA

Helga Margrét Jóhannesdóttir

Formaður Eirar

Friðrik Már Ævarsson

Formaður Kumpána

~~Unnur Inga Kristinsdóttir~~

Forseti Stafnbúa

Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Formaður Magister

Axel Trausti Gunnarsson

Formaður Þemis

Andri Dan Traustason

Formaður Reka

Freysteinn Nonni Mánason

Varaforseti Stafnbúa